

## Mál 2 2016-2016

**Kærandi:** Friðjón Sæmundsson f.h. Ferðamálastofa Íslands.

**Kærðu:** Útgefandi: Gunnar Smári Egilsson f.h. Fréttatímans. Ritstjórn: Gunnar Smári Egilsson og Þóra Tómasdóttir. Blaðamaður: Þóra Tómasdóttir.

**Kæruefni:** Skrif Fréttatímans um málefni Ferðamálastofa Íslands.

### Málsmeðferð:

Með bréfi Elínar Árnadóttur hdl. dags. 8. ágúst 2016 barst siðanefnd kæra Friðjóns Sæmundssonar f.h. Ferðamálastofa Íslands. Kæran var tekin fyrir á fundum siðanefndar 20. september, 11. október og 1. nóvember 2016.

### Málavextir:

Umrædd kæra barst innan tilskilins kærufrests frá birtingu hins kærða efnis. Áður hafði kærandi óskað skriflega eftir leiðréttingu við kærða. Skilyrði fyrir umfjöllun siðanefndar um kærana eru því uppfyllt.

Kæruefnið er ætlað brot á 3. gr. siðareglna Blámannafélags Íslands með umfjöllun Fréttatímans hinn 10. og 18. júní 2016. Telur kærandi að blaðamaður hafi hvorki vandað upplýsingaöflun, úrvinnslu né framsetningu þess efnis sem kært er og tilgreind eru kæruefni í 26 liðum. Ekki hafi heldur verið forðast að valda kæranda óþarfa sársauka eða vanvirðu. Telur kærandi um hreinan atvinnuróg að ræða og ætlunin hafi verið að gera lítið úr því námi sem Ferðamálastofa Íslands bjóði uppá og stundað hafi verið um árabíl. Hafi blaðamaðurinn ekki í neinu gætt hlutleysis. Skorað hafi verið á ritstjóra og ábyrgðarmann blaðsins með bréfi dags. 4. ágúst að leiðrétta rangfærslur sem fram hafi komið en þeirri umleitan hafi í engu verið sinnt.

Á fundi siðanefndar 20. september var ákveðið að óska eftir viðbrögðum Fréttatímans við kærna og bærust þau með bréfi Sigurðar Arnar Hilmarssonar hdl. dags. 6. október og var fjallað um málið á þremur fundum siðanefndar.

Í kæruefnunum 26 er staðhæft að ákveðnar fullyrðingar blaðsins séu rangar, vísað sé til ónafngreindra aðila, ekki vitnað til fyrrverandi nemenda með nafni, dylgjað sé um hluti sem ekki standist og því mótmælt að látið sé að því liggja að stjórnendur Ferðamálastofa Íslands vilji ekki gefa upplýsingar eða ræða við samkeppnisaðila. Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu blaðsins að nemendur hafi greitt 380 þús. kr. fyrir sex mánaða nám við skólann svo og því að nemendur hafi getað keypt sér prófskírteini. Í lok kærna segir: „Hefur þessi umfjöllun valdið kæranda miklu tjóni og álitshnekki og nemendum skólans jafnframt. Það virðist enda hafa verið ætlun blaðamannsins eins og umfjöllunin öll, framsetning og fyrirsagnir á forsíðu bera með sér.“

Í inngangi greinargerðar kærðu segir meðal annars: „Umræddar greinar byggja á frásögnum fjölda áreiðanlegra heimilda og vandaðrar heimildarvinnu blaðamanns sem gætti í einu og öllu að ákvæðum siðareglanna við upplýsingaöflun, úrvinnslu, framsetningu efnisins. Þá er tilvísun til þess að greinin

hafi valdið ótilgreindum nemendum skólans einhvers konar tjóni langsótt, enda ekki verið að fjalla um einstaka nemendur heldur reksturs skólans í dag.“

Í greinargerð kærðu er kæruefnum svarað hverju fyrir sig. Samandregið er því hafnað að um rangfærslur sé að ræða og staðhæft að byggt sé á frásögnum heimildarmanna sem ekki verði gefnir upp og blaðið hafi enga ástæðu til að efast um sannleiksgildi frásagnar þeirra.

Í niðurlagi greinargerðar kærðu segir: „Eins og hér hefur verið rakið fylgdi umbj. minn 3. gr. siðareglum BÍ í einu og öllu í umfjöllun um Ferðamálastofu Íslands. Umfjöllunin var vönduð, byggð á mikilli rannsóknarvinnu, samtölum við tugi heimildarmanna sem margir komu fram undir nafni, framsetning hennar var viðeigandi og átti erindi til almennings. Ber að hafna því að brotið hafi verið gegn siðareglunum með umræddum skrifum.“

#### **Umfjöllun:**

Í bréfi kæranda annars vegar og greinargerð kærðu hins vegar stangast á fullyrðingar um hvort kæranda hafi gefist kostur á að bregðast við gagnrýni eða ekki. Kærandi ber því við að hafa verið erlendis þegar fyrri umfjöllun blaðsins birtist en haft samband við kærðu við heimkomu sem ekki hafi sýnt því áhuga. Kærði segir hins vegar að kæranda hafi verið gefinn góður tími til að svara spurningum blaðamanns áður en næsta umfjöllun birtist.

Eftir yfirferð málsins er það mat siðanefndar að Fréttatíminn hafi fjallað á málefnalegan hátt um Ferðamálastofu Íslands. Umfjöllunin hafi verið byggð á faglegri rannsóknarvinnu. Fréttatíminn hafi ekki gerst brotlegur við siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

#### **Úrskurður:**

Fréttatíminn telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík 1. nóvember 2016

Hjörtur Gíslason

---

Ásgeir Þór Árnason

---

Friðrik Þór Guðmundsson

---

Jóhannes Tómasson

---

Valgerður Jóhannsdóttir

---

